

VI. Tillaga til 414. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 1. mars 2018

Tillaga Gísla Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra, um að bæjarstjórn taki undir bókun 425. fundar velferðarnefndar frá 20. febrúar sl., og sendi umsögn til nefndasviðs Alþingis í samræmi við hana.

Bókun velferðarnefndar.

5. Frumvörp og þingsályktunartillögur til umsagnar 2018 - 2018020003

Lagður fram tölvupóstur Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur f.h. nefndasviðs Alþingis, dagsettur 2. febrúar sl., þar sem Ísafjarðarbæ er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærsla (borgaralaun), 9. mál.

Umsagnarfrestur er til 2. mars nk.

Bæjarráð tók erindið fyrir á 1005. fundi sínum 12. febrúar sl., og vísaði til velferðarnefndar.

Velferðarnefnd Ísafjarðarbæjar er ekki hlynnt tillögu til þingsályktunar um skilyrðislausa grunnframfærslu (borgaralaun). Hins vegar telur velferðarnefnd mjög brýnt að taka til endurskoðunar VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, þ.e. kaflann um fjárhagsaðstoð. Nefndin vill þá sérstaklega benda á að endurskoða þurfi 19. gr. laganna.